

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vesturbæjarsundlaug.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 7. febrúar 2023, breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar. Í breytingunni felst að lóðamörk við Einimel 18-26 eru færð út sem nemur 3,1 m og minnkar lóð Vesturbæjarlaugar sem því nemur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gullslétta 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 2. febrúar 2023, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni felst að hámarkshæð byggingar verði 10,5 m, lóðinni er skipt upp í fjórar lóðir, byggingarreitur breytist og innkeyrslur færast til og ein bætist við þar sem hver lóð verður með sína innkeyrslu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Háskólinn í Reykjavík.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 9. febrúar 2023, breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst fjölgun íbúða um 10, úr 415 íbúðum í 425 íbúðir, fækkun byggingarreita fyrir svonefnd stakstæð hús á reit A og B úr tveimur í eitt fyrir hvorn reit, en stakstæðum húsum á reitum A, B og C fækkar þannig úr fimm húsum í þrjú, byggingarreitur stakstæðra húsa er stækkaður, leyfilegur hæðafjöldi stakstæðra húsa á reitum A, B og C verði þrjár hæðir í stað tveggja til þriggja hæða samkvæmt gildandi deiliskipulagi og að hámarkshæð stakstæðs húss á reit A yfir leiðbeinandi gólfkóta 1. hæðar hækkar um 1 m. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðagerði 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 23. febrúar 2023, breytingu á deiliskipulagi Teigagerðisreits vegna lóðarinnar nr. 4 við Breiðagerði. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir þakverönd til suðurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. apríl 2023.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2023